

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 12-2017

*Tími:* Miðvikudagur 7. september 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 15:00

*Mætt:* Björn Þorsteinsson, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir á Keldnaholti og Hafdís Hanna Ægisdóttir og Hilmar Janusson í símanum. Guðríður Helgadóttir ritaði fundargerð.

### 1. Leit að settum rektor- staða mála og næstu skref.

Sigríður Hallgrímsdóttir lagði til nafn á einstaklingi sem kæmi til greina sem settur rektor til eins árs. Sá heitir Sæmundur Sveinsson, er fyrrum starfsmaður skólans og uppfyllir jafnframt hæfnikröfur starfsins. Rætt hefur verið við Sæmund með óformlegum hætti. Samþykkt var að bjóða Sæmundi á næsta fund háskólaráðs, næstkomandi þriðjudag 12. september kl. 16 á Keldnaholti.

### 2. Umræðuefni fyrir settan rektor- megináherslur

1) Undirbúa endurtekið ráðningarferli fyrir skipaðan rektor.

2) Taka skref í stefnumótunarstarfi og eflum samskiptum við atvinnuvegin.

3) Starfsstöðvar - staða og framtíð.

-Þétting umgjörðar um nemendur og kennslu á Hvanneyri.

-Uppbygging á Reykjum- fylgja eftir ákvörðun alþingis og ráðherra um endurreisn húsakosts á Reykjum.

-Flutningur á jarðræktarmiðstöð frá Korpu og eflingu aðstöðu á Hvanneyri til þeirra verkefna.

-Lokun hestamiðstöðvar á Mið-Fossum og bygging aðstöðu á Hvanneyri til þeirra verkefna.

-Framtíð Hestbúsins og Hvanneyrabúsins og efla enn frekar tengingu við kennslu og rannsóknir.

4) Gera stöðumat á stjórnarsýslu og skipulagi skólans, þar með talið hvernig nýjar starfsreglur og skipurit hafa virkað.

5) Efla jákvæð og uppbyggjandi samskipti innan stofnunar og taka á samskiptavandamálum.

Erindisbréf setts rektors endurspegli ofangreinda punkta og hugsanlega önnur atriði sem helstu hagsmunaaðilar vilja koma á framfæri.

**3. Önnur mál**

**a. Staða vals á *ad hoc* rektor**

Málið er í ferli í ráðuneytinu.

Fundargerð samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:24.